

RAUNVERULEGT HEIMILI FYRIR FÓLK SEM HEILSU SINNAR  
VEGNA ER EKKI FÆRT UM AÐ BÚA Á EIGIN VEGUM



AFSTÖÐUMYND MKV. 1=500



HORFT Í VESTURÁTT ÚT Á FJÖRDINN Í ÁTT AÐ VATNAJÖKLI




SKIPULAGSUPPDRÁTTUR MKV. 1=2000


NÝTT HJÚKRUNARHEIMILI Á HÖFN Í HORNAFIRÐI




2709663




ÚTLIT, SUÐLÆG HLIÐ MKV. 1=200




SNIÐ C-C, ÚTLIT, NORÐLÆG HLIÐ MKV. 1=200




SNIÐ A-A MKV. 1=200



SNIÐ B-B MKV. 1=200



ÚTLIT, VESTLÆG HLIÐ MKV. 1=200



ÚTLIT, AUSTLÆG HLIÐ MKV. 1=200

NÝTT HJÚKRUNARHEIMILI Á HÖFN Í HORNAFIRÐI

2709663

## GREINARGERD

### MARKMIÐ

Meginmarkmið tillögunnar er að skapa raunverulegt heimili fyrir folk sem, heilsu sinnar vegna, er ekki lengur fært að búa á eigin vegum.

- Höfundar leggja höfðaherslu að skapa umhverfi og aðstæður sem líkjast sem mest því sem folk á að venjast á einkahéimilum en mæta jafnframt þórum þeirra sem hafa skerta getu til athafna daglegs lífs. Til að svo megi verða hafa höfundar lagt megináherslu að fordast morg einkenni sjúkrastofnana.

### HUGMYND

Til að ná þessu meginmarkmiði, hafa höfundar skipulagt bygginguna eins og lítið íbúahverfi þar sem íbúðirnar mynda fjórar einingar, tvær á horri hæð, með innigötu sem tengir einingarnar innbyrðis og við önnur sameiginleg rýni og garðana þrjá. Inniganan er slagað byggingarárinar sem tengir saman alla starfsemi hjúkrunarheimilisins. Þar geta íbúarnir gengið sér til heilsubótar, t.d. þegar illa viðar úti, og átt samskipti við annað folk.

- Við honnum og innra skipulag hvírrar einingar er leitast við að hver eining njóti sólar og skjóls. Sameiginleg rýni heimilisfólk hafa miðlæga staðsetningu í góðum tengslum við stoðrýmin og útisvæði eininganna svo og við sameiginleg rýni hjúkrunarheimilisins. Lögð er áhersla á að hver eining njóti dagsbirtu eða sólar úr ýmsum áttum, hvort sem um er að ræða morgun-, síðdegis- eða kvöldslós.
- Höfundar leggja áherslu að einkarýmin séu bannig úr garði gerð að íbúarnir geti sett sem mest lífð eðlilegu heimilislifi og notið fríheliði einkalifs. Hver íbúð er opíð sveiganlegt rýni sem gefur ýmsa möguleika í fyrirkomulagi húsgagna. Hægt er að sameina tvö einkarými og gera úr þeim eitt t.d. fyrir hjón eða samþýslufolk.
- Með því að skásetja umferðarganga við einkarýmin er verið að brjóta sjónlinur á milli íbúða og fordast stofnanalegt útlit og yfirbragð.
- Íbúarnir hafa aðgang að sameiginlegum rýmum og görðum sem njóta mismunandi sólaráttu og fjölbreytilegs útsýnis.
- Sameiginleg rýni eininga eru aðliggjandi og gefa því auðveldlega möguleika á samtengingu við ákveðnar kringumstaður.

### SKIPULAG OG FRÁGANGUR LÓÐAR

Aðalaðkoma að lóðinni, fyrir akandi, hjólandi og gangandi, er frá Vikurbraut.

- Gert er ráð fyrir 19 bilastæðum við Vikurbraut.
- Gert er ráð fyrir aðkomu sjúkrabila að aðalningangangi og aðkomu sorpbíla að rampi að sorpgeymslu á neðri hæð.
- Aðalningangurinn í bygginguna er á eftir hæð og snýr í austur og er í skjóli fyrir verstu vindattunum. Frá aðalningangi er gengið beint inn á umferðarásimi, sem liggur þvert í gegnum bygginguna og tengir saman alla starfsemi heimilisins og útigarðana þrjá.
- Garðarnir þrír eru framhald sameiginlegu rýmana og mynda með þeim eina heldi. Garðarnir snúa hver í sína átt, einn í austur, annar í vestur og sá þriðji í suður og vestur. Hver garður hefur því sína sólar- og útsýnisátt. Garðarnir eru í góðum tengslum við umferðarás hússins svo og göngustigur utanhus.
- Groður og tré eru þær sem hentar m.a. til skjóls án þessa að byrgja útsýni.
- Í garði 1, sem snýr í austur og nýtur morgonsólar, er gert ráð fyrir tjörn með vatnslistaverki. Vatnið og listaverkið eru til þess fallin að skapa andrúmsloft ihugunar og kyrðar. Í garði 2, sem nýtur kvöldslóðar er útsynskífia þar sem hægt er að njóta útsýnis út og fjarðinn, eyjarnar og Vatnajökul fyrir handan. Garður 3, sem nýtur mestrar sólar og skjóls, er tilvalinn til útveru og ræktunar. Hér er gert ráð fyrir litlu garðhús. Þaðan er einnig bræft útsýni út á fjarðinn sem hefur verið lífæð íbúa svæðisins frá upphafi byggðar.

### STÆRÐIR

- Brúttóflatarmál: 2230 m<sup>2</sup>
- Sjá meðfylgjandi rýmistöflu.

### FRÁGANGUR BYGGINGAR

Höfundar hafa valið efni sem eru sterk, endingargóð og þarfnað til til viðhalds. Leitast hefur verið við að velja efni sem eru hlyleg og fara vel í íslensku umhverfi. Lögð er áhersla á að notuð séu umhverfisvæn/jálfær efni eins og kostur er.

### Frágangur utanhus

- Burðarvirki hússins er úr járbentri steinsteypu. Að utan er það einangrað með íslenskri steinull og klætt forveðruðu bárúzinki og tréklæðningu. Þetta er byggingaraðferð sem hef reynst vel hérlandsins þegar vel er vandað til verka. Hugsanlegt væri að nota krosslímðar timbureiningar í stað steinsteypu, en þær hafa mikinn styrk og eru vístvænt efni.
- Sinkklæðningin teknar vel við litabrigum himinsins og er því sibreyyilegt eftir birtunni sem á það fellur. Það er endingargott og viðhaldslitið efni. Það þarfnað tilill orku í framleidslu og er 100 % endurnýtanlegt.
- Trekklæðningar eru t.d. lerkipanill sem er umhverfisvænt efni.
- Hönnun og enfisval endurspeglar andstæður í áferð og lit. Sinkklæðningin kallast á við viðarklaðningar og glerfleti í alrómum.
- Flata þakid er úr járbentri steinsteypu og klætt torfi með viðeigandi frágangi. Torfið er umhverfisvænt þakefni sem bindur kolefini.
- Hallandi þók, sem risa upp úr sléttu torfbakini, eru klædd forveðruðu bárusink.

### Frágangur gólf

- Steinflísar t.d. íslenskt blágrýti: Aðalanddyri, forstofa og gönguás/innigata.
- Eikarparket, mattlakkad: Hjúkrunarrými, bordstofa/setuofa, opíð eldhús og gangar við einkarými.
- Keramikflíesar: Baðherbergi.
- Epoxy-kvarz (Top 4000): Búningsaðstaða, salerni, sturta, matreiðslueldhús, þvottaherbergi, geymslur, ræsting og tæknirými.



NÝTT HJÚKRUNARHEIMILI Á HÖFN Í HORNAFIRÐI

GRUNNMYND NEÐRI HÆÐ MKV. 1=200

2709663

- Linoleum díkur: Skrifstofurými, fundarherbergi, sjúkrabjálfun, iðjubjálfun, dagvist, fjölnotasalar og kapella.

Frágangur lofta

- Spónlagðar (eik), gataðar hljóðdeyfiplötur: Aðalanddyri, forstofa og gönguás/innigata, borðstofa og setutofa, opíð eldhús og gangar svo og kapella.
- Hvitar gifsplötur með hljóðdeyfinu: Hjúkrunarrými/einkarými, skrifstofurými, sjúkrabjálfun, iðjubjálfun, dagvist og fjölnotasalar.
- Rakaheldar gifsplötur, hvitmálaðar: Baðherbergi, stoðrými, skol og snyrtigar.
- Kerfisloft, rakaheldar hljóðdeyfandi plötur, hvitar: Matreiðslueldhús, þvottaherbergi, geymslur, ræsting og tæknirými, búningsaðstaða, salerni og sturta.


Frágangur veggja

- Málaðir veggir: Forstofa og gönguás/innigata, hjúkrunarrými/einkarými, borðstofa og setutofa, opíð eldhús og gangar, skrifstofurými. Litir: ljósgrár og rauðbrúnir.
- Treklaðir veggir (eik): Anddyri, forstofa/gönguás, borðstofa/setutofa, opíð eldhús, gangar.
- Keramikflísar: Baðherbergi:
- Epoxy-kvarz (Top 4000): Stoðrými, skol og snyrtigar. Búningsaðstaða, salerni, sturta, matreiðslueldhús, þvottaherbergi, geymslur, ræsting og tæknirými.

LAGNIR

Höfundar leggja áherslu á að tæknilegar útfærslur séu vandaðar, traustar og hagkvæmar í rekstri. Þær skulu vera í samræmi við evrópskar krófur varðandi orkusparnað og umhverfisvæleika.

- Tæknirými er á neðri hæð við austurhlíð byggingarinnar. Hér er innak fyrir fyrir vatn og rafmagn. Frá tæknirými eru lagnastokkar (þæði undir golfi og í þákrými) sem dreifa lögnum um allt húsi.
- Gert er ráð fyrir gófhitun í byggingunni ásamt ofnum á völdum stóðum.
- Loftræsting er að mestum hluta náttúruleg um opannlega glugga. Í baðherbergjum og matreiðslueldhúsi eru rafknúnar viftur sem hleypa lofti út um vegg /þák. Ekki er gert ráð fyrir sérstóku lofræstikerfi í byggingunni.
- Gert er ráð fyrir vandaðri lýsingi í byggingunni og á löðinni, sérstaklega við inngang á verondum og við göngustiga. Lýsing í sameiginlegum rymum, sérstaklega stofum og borðstofum skal vera sveiganleg bannig að hún henti margs konar samkomum.
- Dreiflikerfi fyrir tölvir og nettengingu í skrifstofu og annars staðar, þar sem það á við, skulu valin með nýjustu taekni og hagkvænni í huga.
- Gert er ráð fyrir þjófa- og brunavarnarkerfi tengdu viðvörunarmiðstöð við aðalanddyri hússins.



SKÝRINGARMYND - HUGMYND



NÝTT HJÚKRUNARHEIMILI Á HÖFN Í HORNAFIRÐI

GRUNNMYND EFRI HÆD MKV.1=200

2709663